

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent með tölvupósti á: nefndasvid@althing.is

Reykjavík, 15. Mars 2023

Efni: Tillaga til þingsályktunar um gjaldtöku af nýtingu á vindi, 26. mál

Stjórn Landverndar tekur heilshugar undir tillögu til þingsályktunar um að auðlindagjald verði sett á öll vindorkuver sem nýta auðlindir þjóðarinnar, land og vind. Það verður eftirtekt að þessi tillaga er lögð fram á sama tíma og starfshópur URN um vindorku er enn að störfum.

Rétt er að minna á að í álitserð Auðlindanefndar¹ eru tilgreind þrenns konar rök fyrir auðlindagjaldi. Í fyrsta lagi að standa undir þeim kostnaði sem hið opinbera hefur af rannsóknum á og eftirliti með nýtingu auðlindanna. Í öðru lagi sé henni ætlað að tryggja þjóðinni sýnilega hlutdeild í þeim umframardi (auðlindarentu) sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar. Í þriðja lagi er um að ræða leiðrétandi skatta og uppbætur (svokallaða græna skatta) til að tryggja hagkvæma nýtingu auðlindanna.

Auðlindagjald af vindorkuverum er í samræmi við almenna afstöðu Landverndar til auðlindagjalds og stjórnin bendir á fyrri umsagnir sínar um nauðsyn þess að ákvæði um auðlindir þjóðarinnar í tillögu að stjórnarskrá verði innleidd og það tryggt að tekjur af nýtingu á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar komi samfélaginu til góða með réttlátri skiptingu² sem og um skyldu stjórnvalda til að vernda náttúru og auðlindir Íslands.

Það verður athygli stjórnar Landverndar að hér er lögð fram þingsályktunartillaga. Alþingi fer með löggjafarvaldið og því hefði mátt vænta að þingmenn hefðu sjálfir tekið beint frumkvæði í málinu með því að leggja fram lagafrumvarp. Allar forsendur og útfærslur eru nokkuð vel rökstuddar í margumtalaðri skýrslu Auðlindanefndar sem kom fram um síðust aldamót. Að setja beint fram lagafrumvarp hefði veitt færi á því að koma gjaldinu mun fyrir á en mörg áform um vindorku eru langt á veg komin og mikilvægt að skýrt sé að gjaldið hafi verið sett á áður en þau

¹ https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Audlindir/Skyrslur-95-04/2000_Sk%C3%BDrsla%20au%C3%B0lindanefndar.pdf

² [Umsagnir Landverndar um breytingar á stjórnarskrá - Landvernd](#)
[Tillaga um ákvæði varðandi náttúruvernd í stjórnarskránni - landvernd.is](#)

rísa. Tillaga til þingsályktunar þar sem umhverfisráðherra er falið að vinna að innleiðingu er mun tímafreakara ferli og mikil óvissa um árangur.

Að lokum leggur stjórn Landverndar til að bætt verði við tillöguna ákvæði sem tæki af allan vafa um að Alþingi telji að umfjöllun um áform um vindorkuver eigi skilyrðislaust heima í rammaáætlun³.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

³ [Vindorkuver eiga heima í rammaáætlun \(landvernd.is\)](http://landvernd.is)
[Vindorkuver heyra undir rammaáætlun - sem betur fer! - Vísir \(visir.is\)](http://visir.is)